



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

NÁTTÚRAN DANSAR

25. OKTÓBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Geysir: 9'00"

Sinfónía um franskan fjallasöng: 25'00"

Hnotubrjóturinn: 39'00"

BAKHJARLAR:

vís



GAMMA

NÁTTÚRAN DANSAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 25. OKTÓBER 2012 » 19:30

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri
Louis Lortie einleikari

Jón Leifs

Geysir, op. 51 (1961)

Vincent d'Indy

Sinfónía um franskan fjallasöng, op. 25 (1886)

Assez lent – Modérément animé

Assez modéré, mais sans lenteur

Animé

Hlé

Pjotr Tsjajkovskij

Hnotubrjóturinn, op. 71, annar þáttur (1891-2)

Nr. 10 Galdrakastalinn á Sætindafjalli

Nr. 11 Klara og hinn heillandi prins

Nr. 12a Spænskur dans

Nr. 12b Arabískur dans

Nr. 12c Kínverskur dans

Nr. 12d Rússneskur dans

Nr. 12e Reyrf lautudansinn

Nr. 12f Trúðurinn

Nr. 13 Blómavalsinn

Nr. 14a Dans dúettar: Intrada

Nr. 14b Tarantella

Nr. 14c Dans sykurplómudísarinnar

Nr. 14d Kóði

Nr. 15 Lokavals og sögulok

RUMON GAMBA

hljónsveitarstjóri



Rumon Gamba (f. 1972) lærði hljónsveitarstjórn undir handleiðslu Colin Matters við Konunglegu tónlistarakademíuna í London. Gamba gegndi stöðu aðalhljónsveitarstjóra Sinfóníuhljónsveitar Íslands á árunum 2002-2010. Hann hefur komið fram með öllum helstu hljónsveitum Bretlands-eyja sem gestastjórnandi auk þess sem hann hefur stjórnað fjölda þekkra hljónsveita á meginlandi Evrópu og eru Fílharmóníuhljónsveitir München og Lundúna, Útvarpshljónsveitin í Berlín og Sinfóníuhljónsveit Barcelona þeirra á meðal. Utan Evrópu hefur Gamba unnið með hljónsveitum á borð við Sinfóníuhljónsveitum Toronto, Melbourne, Tókýó og Sydney og Fílharmóníusveit New York.

Rumon Gamba hefur einnig getið sér gott orð sem óperustjórnandi og hefur meðal annars stjórnað óperuuppfærslum við Ensku þjóðaróperuna. Hann tók við stöðu aðalstjórnaanda NorrlandsOperan sinfóníuhljónsveitarinnar í Svíþjóð árið 2009 og er auk þess aðalhljónsveitarstjóri Sinfóníuhljónsveitar Álaborgar.

Gamba er samningsbundinn Chandos-útgáfufyrirtækinu og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með Fílharmóníuhljónsveit breska ríkisútvarpsins. Einnig hefur hann tekið upp hljómdiska með Sinfóníuhljónsveit Íslands og hafa upptökurnar hlotið frábæra dóma víðast hvar. Meðal þeirra verka sem Gamba hefur hljóðritað með Sinfóníuhljónsveit Íslands eru verk hins franska Vincent d'Indy og hafa fjórir hljómdiskar þegar komið út og fleiri eru væntanlegir. Fyrir fyrsta hljómdiskinn í útgáfuröðinni voru Sinfóníuhljónsveit Íslands og Rumon Gamba tilnefnd til Grammy-verðlaunanna og annar diskurinn tilnefndur sem einn af hljómdiskum mánaðarins hjá hinu virta tímariti Gramophone. Hljómdiskar þrjú og fjögur í útgáfuröð verka d'Indy hafa einnig fengið afar lofsamlega dóma í erlendu fagpressunni og gaf tónlistartímarit breska ríkisútvarpsins BBC fullt hús, eða fimm stjörnur í dómi sínum.



LOUIS LORTIE

einleikari

Fransk-kanadíski píanóleikarinn Louis Lortie (f. 1959) var ungur að árum þegar ferill hans hófst en hann var aðeins 13 ára þegar hann kom fyrst fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Montréal. Lortie lærði hjá Yvonne Hubert í Montreal en Hubert var nemandi Alfred Cortot og jafnframt nam hann í Vínarborg undir handleiðslu Dieter Weber. Hann sótti einkatíma hjá fjölmörgum píanóleikurum og má meðal þeirra nefna Leon Fleisher.

Lortie hefur unnið til margra verðlauna á ferli sínum og ber þar hæst verðlaun í virtum píanókeppnum á borð við Busonikeppnina og píanókeppnina í Leeds. Þau píanóverk sem Lortie hefur á dagskrá sinni spanna afar vítt svið, en hann hefur vakið sérstaka athygli fyrir túlkun sína á verkum eftir Beethoven, Brahms, Ravel, Liszt og Chopin. Lortie kemur fram jöfnum höndum sem einleikari með hljómsveitum og einn síns liðs auk þess að vera mjög virkur kammertónlistarmaður.

Meðal þeirra hljómsveitarstjóra sem Lortie hefur unnið með má nefna Lorin Maazel, Seiji Ozawa, Kurt Masur, Charles Dutoit, Kurt Sanderling, Neeme Järvi, Wolfgang Sawallisch og Osmo Vänskä. Reglulegir samstarfsmenn í kammertónlist eru meðal annarra Frank Peter Zimmermann, Leondias Kavakos, Jan Vogler, Gideon Kremer og bræðurnir Renaud og Gautier Capuçon.

Louis Lortie er samningsbundinn útgáfufyrirtækinu Chandos og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með verkum tónskálda á borð við Chopin, Beethoven, Ravel, Schumann, Liszt og Mozart. Hljóðritanir hans vakið mikla athygli og fengið frábæra dóma.



JÓN LEIFS

Geysir

Tónverk Jóns Leifs (1899-1968) áttu ekki upp á pallborðið meðal samferðamanna, þau þóttu bæði frumstæð og kaldranaleg. Á síðustu árum hefur vegur hans vaxið til virðingar og er óhætt að segja að Jón Leifs sé talinn einn af brautryðjendum íslenskrar tónlistarsögu. Verk hans voru á margan hátt á skjön við strauða og stefnur sem ríktu á þeim tíma, bæði hér heima og erlendis. Sannfæring Jóns fyrir eigin verkum, eigin rödd, var hins vegar afar sterk. Markmið hans var að skapa rammíslenskan stíl þar sem náttúran birtist í öllu sínu veldi og það auðnaðist honum enda eru lýsingarorð um verk hans oft eitthvað sem tengja má við frumkrafta náttúruaflanna fremur en klassískar tónsmíðar. Að þessu leytinu til er Jón Leifs frumkvöðull, en hann er einnig það íslenska tónskáld sem fyrst var til að nýta sér þjóðlagaarf okkar og spyrða hann saman við evrópska tónlistarhefð.

Hljómsveitarforleikurinn Geysir er eitt fjögurra tónverka sem tónskáldið samdi á árunum upp úr 1960. Jón Leifs var þá fullur starfsorku og sköpunargleði eftir erfiðleika í einkalífinu undan-genginn áratug. Þessi fjögur tónverk sem Jón Leifs samdi á árunum upp úr 1960 eru allt saman hljómsveitarforleikir og eru mikilfenglegar náttúrulýsingar í tónum: Geysir, Hekla, Dettifoss og Hafís. Verkin eiga það öll sameiginlegt að í upphafi ríkir nánast þögn, en undir niðri má greina ógnvænlega krafta náttúrunnar. Hægt og bitandi eykst krafturinn uns hápunkti er náð og yfiringilegir kraftar náttúruaflanna fylla áheyrendur í senn lotningu og vanmætti (gagnvart afli náttúrunnar). Tónskáldinu auðnaðist ekki að heyra Geysi fluttan á tónleikum en verkið, sem Jón samdi árið 1961, var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1984.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Frumflutningur Geysis var árið 1984 og stjórnaði Jean-Pierre Jacquillat hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveit Íslands. Aðrir hljómsveitarstjórar sem hafa stjórnað verkinu eru: Paul Zukovsky (1989), Anne Manson (1995 og 1999) og Osmo Vänskä (2004). Einnig stjórnaði Rumon Gamba verkinu á þrennum tónleikum árið 2007, í Háskólabíói, í Berlín og í München á tónleikaferðalagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



VINCENT D'INDY

Sinfónía um franskan fjallasöng

Þýskar hefðir og nálganir í tónsmíðum á rómantíska og síð-rómantíska tímabilinu vörpuðu skugga á tónlist af líkum toga í löndunum í kring og er það svo sannarlega raunin með franska tónsmiði sem þóttu af mörgum vera, þegar best lét, sæmilegir tónsmiðir að dufla við eitthvað sem vart var þeirra. Slíkt er þó fjarri sanni, þó svo að það sé staðreynd enn í dag að tónlist franska tónskálda á þessu tímabili sé mun sjaldnar flutt en koll-ega þeirra af þýskumælandi svæðum. Reyndar lágu verk sumra tónskálda rykfallin og óhreyfð fram undir síðustu áratugi lið-innar aldar en hljómsveitarstjórar og útgáfufyrirtæki hafa verið að vakna til lífsins með það að margt var samið fyrir utan Þýska-land og Austurríki.

Meðal þeirra tónskálda sem verðskuldað hafa verið dregin fram á dagsljósið á ný er hinn franski Vincent d'Indy (1851-1931). d'Indy var í lifanda lífi virtur kennari og eftirsóttur hljómsveitar-stjóri og naut allnokkurrar hylli sem tónskáld. Hann hlaut góða tónlistarmenntun, lærði ungur á píanó en hélt síðar til Parísar þar sem hann nam meðal annars á orgel hjá César Franck við Konservatoríið en auk þess sótti hann tíma hjá Franz Liszt í tónsmíðum. Árið 1875 hlaut d'Indy fyrstu verðlaun útskriftar-nema í tónsmíðum frá Konservatoríinu í París og kom það honum svo um munaði á kortið í tónlistarlífi Frakklands. Hann var fljótt kominn í fremstu röð tónlistarmanna Parísar og var það ekki síst fyrir sinfónískt verk sem hann kallaði *Symphonie sur un chant montagnard français*, eða *Sinfóníu um franskan fjallasöng* sem hann samdi árið 1886 en verkið, sem flutt er hér á landi í fyrsta sinn, er enn í dag hans vinsælasta verk. Sinfónía um franskan fjallasöng er eins konar fantasía fyrir píanó og hljómsveit og er efniviður allra þriggja kafla verksins tilbrigði við þjóðlag ættuðu úr fjallahéruðum Cerverne í frönsku Ölpunum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfónía um franskan fjallasöng er nú flutt á Íslandi í fyrsta sinn. Íslenskir tónleikagestir hafa þó fengið að heyra nokkuð af tónlist d'Indys flutta því Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur undir stjórn Rumons Gamba flutt nokkur verka hans á tónleikum í aðdraganda hljóðritana fyrir Chandos-útgáfufyrirtækið. Nú þegar hafa fjórir hljómdiskar komið út og eru fleiri útgáfur fyrirhugaðar.



ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ

Hnotubrjóturinn op. 71, annar þáttur

Eftir rússneska tónskáldið Pjotr Tsjaikovskíj (1840-1893) liggur mikið magn frábærra tónsmíða af ýmsum toga. Innblásin kammerverk, hárómantískar símfóníur og mikilfenglegar óperur. Þó er það ballettónlist sem hann er hvað þekktastur fyrir. Í raun má segja að Tsjaikovskíj hafi haft allt það í sínu vopnabúri sem gott ballettónskáld 19. aldarinnar þurfti að hafa; einstakt næmi fyrir laglínusmíð, fjölbreytileg hrynskrif og djúpan skilning á músíkalskri framvindu. Þegar Tsjaikovskíj hófst handa við að semja tónlistina við *Hnotubrjótinn* árið 1891 var hann af mörgum talinn eitt mesta tónskáld Rússlands fyrr og síðar. Hann hafði þegar samið tónlistina við *Svanavatnið* (1877) og *Þyrnirós* (1890) og með *Hnotubrjótnum* festi hann sig endanlega í sessi sem helsti ballettónsmíður rómantíkurinnar, en helst væri það Léo Delibes sem nefna mætti í sömu andrá og Tsjaikovskíj þegar ballettónlist er annars vegar. Tsjaikovskíj sagði ástæðu þess að hann tók til við að semja tónlist fyrir ballett væru annars vegar fjárhagslegs eðlis og svo innblástur frá Delibes.

Sagan um *Hnotubrjótinn* er útlekking Alexanders Dumas á ævintýri E.T.A Hoffmanns þar sem söguviðið er aðfangadagskvöld hjá Stahlbaum-fjölskyldunni. Heimasætan Klara fær brúðu í jólagjöf sem einnig er hnotubrjótur og stúlkan sofnar með gjöfina í fanginu þegar kvöldu tekur. Er klukkan slær tólf á miðnætti upphefst mikið ævintýri þar sem leikföng lifna við og her músa, prins og sælgætisland með fjöllum úr kexi og tindum úr ís koma við sögu auk þess sem heilt blómahaf valsar inn í veislu í Sætabrauðskastala. Næsta morgun vaknar Klara með hnotubrjótinn í fanginu og uppötvar að þetta var allt saman draumur!

Tónlistin sem Tsjaikovskíj samdi við þetta litríka ævintýri hæfir efninu fullkomlega og sýnir snilli tónskáldsins í hljómsveitar-skrifum. Celestan er stór hluti af hljóðheimi verksins sem þá var spáný uppfinding Mustel-feðganna og á hún ekki síst sinn þátt í að ljá verkinu ævintýrablaæ.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Hin ódauðlega ballettónlist Tsjaikovskíjs við Hnotubrjótinn hefur margsinnis hljómað í meðförum Símfóníuhljómsveitar Íslands, ýmist hlutar hennar eða í heild sinni. Hnotubrjóturinn hljómaði í fyrsta sinn árið 1964 undir stjórn Proinnsías O'Duinn, en meðal hljómsveitarstjóra sem verkinu hafa stjórnað síðan þá má nefna þá Bernharð Wilkinson, Hákon Leifsson, Petri Sakari, Páll P. Pálsson, Woldemar Nelson og Karsten Andersen.



AÐVENTUTÓNLEIKAR - MESSÍAS

Miðvikudaginn 5. og fimmtudaginn 6. desember kl. 19.30

Óratórían *Messías* er eitt frægasta tónverk sem samið hefur verið og er víða ómissandi þáttur í jólaundirbúningnum. Fá meistaraverk sígildrar tónlistar eru jafn oft flutt við þvílíkar vinsældir og óratoría Händels. Händel var á miðjum aldri þegar hann samdi óratóriuna, hafði ferðast víða og þróað með sér sterkan persónulegan stíl – ókrýndur meistari sviðsuppfærslanna. Einvalalið söngvara kemur fram á þessum tónleikum undir stjórn semballeikarans Nicholas Kraemer sem stjórnaði eftirminnilegum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Langholtskirkju 2008 og í Háskólabíói 2010.

GEORG FRIEDRICH HÄNDEL

Messías

Nicholas Kraemer hljómsveitarstjóri

Helen-Jane Howells,

Marianne Beate Kielland,

James Gilchrist og

Roderick Williams einsöngvarar

Kór Áskirkju

Magnús Ragnarsson kórstjóri

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Laugardaginn 15. desember kl. 14:00 og 16:00

Sunnudaginn 16. desember kl. 14:00

Jólatónleikar Sinfóníunnar eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi með þjóðlegu ívafi, ungum slagverksnemendum og nemendum Listdanskóla Íslands sem túlka sívinsælt tónverk um *Snjókarlinn*. Sígild jólalög verða flutt af Þóru Einarsdóttur og Stúlknakór Reykjavíkur en Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanæbæjar hringir inn jólin.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

25. október 2012

1. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Martin Frewer
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Mark Reedman
Ágústa María Jónsdóttir

2. FIDLA

Una Sveinbjarnardóttir
Roland Hartwell
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Christian Diethard
Hlín Erlendsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Jónína Auður Hilmarsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Auður Ingvadóttir
Lovísa Fjeldsted
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydís Franzdóttir

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjann Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson
Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason
Matthías Hemstock
Einar Valur Scheving
Maarten van der Valk

TÓNLEIKAKYNNINGAR MEÐ NÝJU SNIÐI

Í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á tólf tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í fallegu umhverfi og kaupa súpu, brauð og kaffi. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Kynningarnar eru áhugasömum að kostnaðarlausu. Tónleikakynningar í gulri og rauðri röð eru í umsjá Helga Jónssonar tónlistarfræðings en tónleikakynningar í grænni röð eru í umsjá Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Gula röðin - kynningar

Austurrískir tónjörfrar Fim. 20.09.12

Pohjonen spilar Mozart Fim. 15.11.12

Haydn, Mozart og Grieg Fös. 18.01.13

Skoska sínfónían og Wagner Fös. 05.04.13

Rauða röðin - kynningar

Upphafstónleikar Fim. 13.09.12

Þýskir snillingar Fim. 11.10.12

Mahler og Bernstein Fim. 24.01.13

Vorblót Fim. 11.04.13

Græna röðin - kynningar

Fröst snýr aftur Fim. 04.10.12

Víkingur spilar Keisarakonsertinn

Fim. 08.11.12

Draumórasínfónían Fim. 14.03.13

Mendelssohn og Tsjaikovskíj Fim. 16.05.13



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



VÍKINGUR, KEISARAKONSERTINN OG KRISTUR Á OLÍUFJALLINU

Fim. 08. NÓV. '12 » 19:30

Fös. 09. NÓV. '12 » 19:30

Víkingur Heiðar Ólafsson flytur Keisarakonsertinn, síðasta píanókonsert Beethovens. Konsertinn er tignarlegur og gerir miklar kröfur til einleikarans. Óratórían Kristur á Olíufjallinu verður einnig flutt, nú í fyrsta sinn á Íslandi, af Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju og einsöngvurum í fremstu röð.

Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn

Ludwig van Beethoven *Kristur á Olíufjallinu*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Herdís Anna Jónasdóttir,

Sveinn Dúa Hjörleifsson og

Jóhann Smári Sævarsson einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

EFTIRLEIKUR 08.11. » 22:00

Olivier Messiaen *Et exspecto resurrectionem mortuorum*

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00